

1 Fjárfestingarstefna samtryggingardeildar

Fjárfestingarstefnu þessa er að finna í heild sinni á heimasíðu [hér](#).

1.1 Markmið um eignasamsetningu

Fjárfestingarstefna Festu lífeyrissjóðs er grundvölluð á samþykktum sjóðsins og lögum um lífeyrissjóði. Sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997, skal ávaxta fé sjóðsins og einstakra deilda hans í samræmi við eftirtaldir reglur og innan þeirra marka sem tilgreind eru í VII. kafla sömu laga:

1. Lífeyrissjóður skal hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.
2. Lífeyrissjóður skal horfa til aldursamsetningar sjóðfélaga og annarra tryggingafræðilegra þátta sem áhrif hafa á skuldbindingar.
3. Allar fjárfestingar skulu byggðar á viðeigandi greiningu á upplýsingum með öryggi, gæði, lausafjárstöðu og arðsemi safnsins í heild í huga.
4. Lífeyrissjóður skal gæta þess að eignir sjóðsins séu nægilega fjölbreyttar til að komið sé í veg fyrir samþjöppun og uppsöfnun áhættu í eignasafninu, m.a. með því að gæta að fylgni áhættu einstakra eigna og eignaflokka.
5. Lífeyrissjóður skal setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum.

1.2 Skipting fjárfestinga á eignaflokka

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeignar í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru í töflu 1-1. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasafninu eins fljótt og mögulegt er.

| Eignaflokkar | 36.gr. a. laga 129/1997 | Stefna | Lágmark | Hámark |
|---|-------------------------|-------------|---------|--------|
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | Aa, Cb, Eb | 21% | 15% | 70% |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf | Ab | 5% | 0% | 15% |
| Skuldabréf sveitarfélaga | Ba, Cb, Eb | 9% | 0% | 20% |
| Innlán banka og sparisjóða | Bb, Cb, Eb | 2% | 0% | 20% |
| Sértryggð skuldabréf | Bc, Cb, Eb | 3% | 0% | 15% |
| Skuldabr. lánastofnana og tryggingafélaga | Ca, Cb, Eb | 2% | 0% | 15% |
| Skuldabréf félaga | Da, Cb, Eb | 8% | 0% | 20% |
| Skuldabréf sérhæfðra sjóða | Db, Eb | 5% | 0% | 20% |
| Innlend hlutabréf | Ea, Cb, Eb | 16% | 0% | 30% |
| Erlend hlutabréf | Ea, Cb | 19% | 0% | 30% |
| Sérhæfðir sjóðir fyrir fagfjárfesta | Eb | 10% | 0% | 20% |
| Fasteignir innan ríkja OECD og EEA | Ec, Cb | 0% | 0% | 10% |
| Afleiður | Fa | 0% | 0% | 10% |
| Aðrir fjármálagerningar | Fb | 0% | 0% | 10% |
| Samtals | | 100% | | |

Tafla 1-1: Skipting fjárfestinga á eignaflokka

Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar. Fjárfestingarstefna sjóðsins er því sett fram til lengri tíma litið. Gert er ráð fyrir að markmiði um eignasamsetningu verði í meginatriðum náð á árinu 2024.

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2024 er óbreytt. Fari svo að hugmyndir um slit ÍL-sjóðs raungerist, kann það að leiða til endurskoðunar fjárfestingastefnu sjóðsins á næsta ári.

1.3 Sérhæfðir sjóðir

Undir þennan lið falla sérhæfðar fjárfestingar, sem í lögum er vísað til sem „Hlutir og hlutdeildarskírteini annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu“. Helstu tegundir þeirra eru: Framtaksfjárfestingar (e. Private Equity), vogunarsjóðir (e. Hedge Funds), fasteignasjóðir (e. Private Real Estate Funds), óskráðir skuldabréfasjóðir (e. Private Credit Funds) og hrávörusjóðir (e. Commodities Funds).

2 Séreignardeildir

Sjóðurinn rekur tvær séreignardeildir. Annarsvegar er um að ræða móttöku og ávöxtun iðgjalda almenns séreignarsparnaðar réttthafa, skv. 23. kafla samþykktu sjóðsins. Hins vegar er um að ræða tilgreinda séreignardeild, þar sem sjóðfélögum er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldsstofni umfram 12% af iðgjaldsstofni í slíka deild, sbr. 22 kafla samþykktu sjóðsins. Eignir almennrar og tilgreindrar séreignardeildar eru ávaxtaðar sameiginlega.

Sjóðurinn býður upp á tvær sparnaðarleiðir fyrir séreignarsparnað. Sparnaðarleið 1 er hugsuð sem varfærin ávöxtunarleið fyrir eldri og/eða áhættufælna sjóðfélaga, en sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni sem hentar tiltölulega breiðum hópi sjóðfélaga. Hægt er að velja um sitthvora leiðina fyrir bæði almennan séreignarsparnað og tilgreindan séreignarsparnað.

2.1 Sameiginlegar forsendur sparnaðarleiða

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiða 1 og 2 tekur mið af þeim takmörkunum sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 setja. Samkvæmt eðli máls, geta réttthafar óskað eftir flutningi innistæðna sinna til annarra vörsluaðila. Því er brýnt að velja auðseljanlegar fjárfestingar með virka opinbera verðmyndun til að mæta slíkum óskum. Fjárfestingarheimildir séreignardeildar eru því þrengri en samtryggingardeildar. Stefnt skal að fjárfestingum í skráðum, auðseljanlegum eignum. Þó er heimilt að eiga óskráðar eignir ef þær eru inni í sjóðum sem eru auðseljanlegir.

Útgreiðslureglur almennrar og tilgreindrar séreignar eru ekki þær sömu. Almenn séreign er laus til útborgunar við 60 ára aldur. Tilgreind séreign er laus til útgreiðslu á fimm ára tímabili fyrir hefðbundinn lífeyristökualdur (nú 67 ára). Reglur um útgreiðslu vegna örorku eru þær sömu. Þessi mismunur kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að reka sameiginlegt eignasafn fyrir þessar deildir.

2.2 Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 1

Sparnaðarleið 1 hentar eldri og/eða áhættufælnum sjóðfélögum. Eignir hennar eru að mestu í skuldabréfum og innlánnum, en gert ráð fyrir að um 13% eigna hennar séu í innlendum hlutabréfum. Því telst eignasafn sparnaðarleiðar 1 varfærið, með að jafnaði um 87% eigna í skuldabréfum og innlánnum. Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 1 er óbreytt á milli ára.

| Festa – sparnaðarleið 1 | Markmið | Vikmörk |
|--|-------------|----------------|
| Skuldabréf | | |
| Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis | 60% | 35-100% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 10% | 0-40% |
| Sértryggð skuldabréf | 4% | 0-30% |
| Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana | 3% | 0-10% |
| Skuldabréf félaga og sérhæfðra sjóða | 8% | 0-15% |
| Innlán | 2% | 0-50% |
| Samtals skuldabréf | 87% | 80-100% |
| Hlutabréf | | |
| - þ.a. erlend hlutabréf | 0% | 0-0% |
| - þ.a. innlend hlutabréf | 13% | 0-25% |
| Samtals hlutabréf | 13% | 0-20% |
| Samtals | 100% | |

Tafla 2-1: Fjárfestingastefna sparnaðarleiðar 1

2.3 Viðmið sparnaðarleiðar 1

Viðmið og takmarkanir fyrir sparnaðarleið 1 eru, eins og fyrir samtryggingardeild, utan eftirfarandi.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila

Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum (ekki innlánnum) sem falla undir 2.–6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a, útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni, skal ekki vera meiri 10% af heildareignum.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Hlutfall eigna í virkri stýringu skulu vera:

- Skuldabréf 100% virk stýring
- Innlán 100% virk stýring
- Innlend hlutabréf 100% virk stýring

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði miðast við 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Hámarkshlutdeild í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta eða deild hans miðast við 20% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta.

Viðmið um meðallíftíma skuldabréfa

Meðaltími skuldabréfa sparnaðarleiðar 1 er 5 ár. Til lengri tíma er gert ráð fyrir að meðaltími skuldabréfa sparnaðarleiðar 1 sé nálægt 5 árum.

Viðmið um verðtryggingarhlutfall

Safninu er ætlað að ná sem bestri ávöxtun með fjárfestingu í skuldabréfum og hlutbréfum eftir atvikum. Því eru engin neðri mörk á verðtryggingarhlutfalli. Safnið getur fræðilega séð verið 100% verðtryggt og að sama skapi 100% óverðtryggt.

Viðmið um gjaldmiðlasamsetningu

Gert er ráð fyrir að 100% eigna sé í íslenskrí krónu.

2.4 Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2

Sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni skuldabréfa, innlána, innlendra og erlendra hlutabréfa. Leiðin er hugsuð fyrir breiðan hóp sjóðfélaga. Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2 er óbreytt á milli ára.

| Festa – sparnaðarleið 2 | Markmið | Vikmörk |
|-------------------------------------|-------------|----------------|
| Skuldabréf | | |
| Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis | 34% | 20-80% |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 9% | 0-20% |
| Sértryggð skuldabréf | 2% | 0-20% |
| Skuldabréf banka og tryggingafélaga | 0% | 0-20% |
| Skuldabréf félaga | 2% | 0-20% |
| Skuldabréf sérhæfðra sjóða | 0% | 0-20% |
| Innlán | 1% | 0-20% |
| Erlend skuldabréf | 0% | 0-10% |
| Samtals skuldabréf | 48% | 40-100% |
| Hlutabréf | | |
| - þ.a. erlend hlutabréf | 37% | 0-50% |
| - þ.a. innlend hlutabréf | 15% | 0-25% |
| Samtals hlutabréf | 52% | 0-60% |
| Samtals | 100% | |

Tafla 2-2: Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2

2.5 Viðmið sparnaðarleiðar 2

Viðmið og takmarkanir fyrir sparnaðarleið 2 eru, eins og fyrir samtryggingardeild, utan eftirfarandi.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila

Hámarksfjárfesting í fjármálagerningum (ekki innlánnum) sem falla undir 2.–6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a, útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni, skal ekki vera meiri 10% af heildareignum.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Hlutfall eigna í virkri stýringu skulu vera:

- Skuldabréf, 100% virk stýring
- Hlutabréf, innlend, 100% virk stýring
- Hlutabréf, erlend, 50-60% hlutlaus stýring (vísitölusjóðir), 40-50% virk stýring

Viðmið um meðaltíma skuldabréfa

Meðaltími skuldabréfa sparnaðarleiðar 2 er 3 ár. Til lengri tíma er gert ráð fyrir að meðaltími skuldabréfa sparnaðarleiðar 2 sé á bilinu 3 til 6 ár.

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum

Hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af verðbréfasjóði miðast við 25% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama verðbréfasjóði. Hámarkshlutdeild í sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta eða deild hans miðast við 20% af hlutdeildarskírteinum útgefnum af sama sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta.

Viðmið um gjaldmiðlasamsetningu

Gert er ráð fyrir að 25-51,5% eigna sé í erlendri mynt en 48,5-75% í ISK hverju sinni. Erlend gjaldmiðlasamsetning tekur mið af heimsvísitölu hlutabréfa (MSCI).